

Mánudaginn 13. október 1919.

Nr. 42/1919:

Valdstjórnin

gegn

Guðmundi Sigurðssyni.

D ó m u r:

Með lögregluréttardómi Reykjavíkur uppkveðnum 12. júní þ. á., var Guðmundur Sigurðsson klæðskeri hér í bænum dæmdur í 60 kr. sekt til bæjar-sjóðs Reykjavíkur og málskostnað allan fyrir brot á lögreglusamþykkt kaupstaðarins, og er þessum dómi að ósk ákærða skotið til yfirdómsins.

Kærða er gefið það að sök, að hann hafi verið drukkinn á almannafæri aðfaranóttina 24. maí þ. á., en það er í lögreglusamþykkt Reykjavíkur, staðfestri 19. apríl þ. á., 8. gr., talið hneykslanleg hegðun, og lögð við því sekt eigi lægri en 50 kr. Kærði neitar því, að hann hafi orðið brotlegur gegn þessu ákvæði, en tvö vitni hafa borið það og staðfest með eiði, að hann hafi reikað drukkinn um götur bæjarins umgetna nótt, og verður hann því að teljast sannur að sök. Kemst hann því eigi hjá að sæta sekt samkvæmt nefndu ákvæði lögreglusamþykktarinnar og verður sektin eigi ákveðin lægri en 50 kr. Ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með þessari breytingu á sektarupphæðinni. Kærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 15 kr. til hvors.

Meðferð málsins í lögregluréttinum hefur verið vítalaus og sókn í því og vörn fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað, þó þannig að sektin sé 50 kr. Kærði Guðmundur Sigurðsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin máflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claesen, 15 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. október 1919.

Nr. 43/1919:

Valdstjórnin

gegn

Hafiða Jónssyni.

D ó m u r:

Með lögregluréttardómi Reykjavíkur, uppkveðnum 12. júní þ. á. var Hafiði Jónsson, til heimilis á Norðurstíg 5 hér í bænum, dæmdur í 60 kr. sekt til bæjar-sjóðs Reykjavíkur og málskostnað allan fyrir brot á